

## Fundargerð TSÍ; 3. febrúar 2025

Mættir á fundi: Magnús formaður, Gunnar meðstjórnandi, Soumia rítari , Andri Jónsson og Kristín Dana gjaldkeri .

Fundur hófst kl. 12; í ÍSÍ skrifstofu B, 3. hæð

### Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar**

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og samþykkt

2. **Fjármál**

Stóra málið: Rekstrarniðurstaða síðasta árs verður kynnt og yfirfarin áður en fjármunum er úthlutað til kynningarmála og afreksstarfs.

3. **Staðfesting á mótaskrá 2025**

Mótaskrá ársins 2025 verður staðfest ásamt tilheyrandi kostnaðaráætlun. Magnús fer yfir þetta með Raj og Jónas.

4. **Úthlutun kynningarstyrkja**

Tillaga um úthlutun kynningarstyrkja liggur fyrir frá nefndinni og verður tekin til afgreiðslu.

5. **Úthlutun afreksstyrkja**

Tillaga um úthlutun afreksstyrkja liggur fyrir frá nefnd og verður tekin til afgreiðslu.

6. **Ráðning þjálfara karlalandsliðs**

Tillaga ætti að liggja fyrir frá landsliðsnefnd. Landsliðsnefnd hefur umsjón með málinu og mun ljúka vinnu þess sem fyrst.

7. **Umsjón og þjálfari fyrir Smáþjóðaleika**

Raj hefur verið falið verkefnið að sjá um umsjón og þjálfun fyrir Smáþjóðaleikana.

8. **Undirbúningur árshátíðar**

- Árshátíð fer fram 5. apríl.
- Mia skipar skemmtinefnd sem mun sjá um skipulagningu viðburðarins.
- Nauðsynlegt er að finna verkefnastjóra fyrir undirbúning.

### Fundarslit:

Fundur slitið kl. 13:00